

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið  
B.t. Hinriks Grelppsonar  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík

|                                           |          |
|-------------------------------------------|----------|
| SJÁVARÚTVEGS- OG<br>LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ |          |
| Skj.n.                                    | 10. 2. 2 |
| Tösk.                                     |          |
| 31. JAN. 2012                             |          |
| Áb.                                       | 179      |
| SLR                                       | 11100063 |

Þórshöfn 27. janúar 2012.

**Varðar: Tillögur sveitarstjórnar Langanesbyggðar um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta Bakkafjarðar fiskveiðirárið 2011/2012**

Á fundi sveitarstjórnar Langanesbyggðar þann 26. janúar 2012 var eftirfarandi fært til bókar:

„Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir eftirfarandi viðauka/breytingar á reglugerð nr. 1182/2011, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðirárinu 2011/2012, er varða úthlutun aflamarks á Bakkfirði:

- a. Í 1. gr. b-liðar breytist orðalagið úr „Eru skráð í viðkomandi byggðarlagi...“ í „Eru skráð í viðkomandi sveitarfélagi...“
- b. Í 1. gr. c-liðar breytist orðalagið úr „Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi byggðarlagi 1. desember 2011...“ í „Eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi sveitarfélagi 1. desember 2011...“
- c. Ákvæði 4. gr. breytist úr „... og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafli í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags á tímabilinu 1. september 2010 til 31. ágúst 2011.“ og verður svohljóðandi: „... skal skipti hlutfallslega miðað við botnfiskafli í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, sem landað hefur verið til vinnslu á Bakkafirði á tímabilinu 1. janúar 2011 til 31. desember 2011.“
- d. Aftan við 4. gr. bætist eftirfarandi málsgrein. „Ekkert fiskiskip getur sótt um byggðakvóta nema frá einu byggðarlagi innan Langnesbyggðar.“
- e. Undanþága frá ákvæði um skilyrði um tvöföldun magn þess aflamarks sem fiskiskip fá úthlutað samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar, líkt og veitt var vegna byggðakvóta Bakkafjarðar fyrir fiskveiðirárið 2010/2011, fellur niður.

**Rökstuðningur:**

Í tilmælum sjávarútvegsráðuneytisins til sveitarstjórna kemur fram að horfa beri til þeirra mögulegu verðmætaaukningar og atvinnusköpunar sem hafa má af byggðakvóta, þegar reglur um ráðstöfun byggðakvótans eru mótaðar og minnir í leiðinni á að megintilgangur byggðakvótans er að stuðla að aukinni atvinnusköpun í byggðarlaginu.


Að fenginni reynslu síðasta fiskveiðiárs og fiskveiðiaranna þar á undan á ráðstöfun og nýtingu byggðakvótans á Bakkafirði, telur sveitarstjórn Langanesbyggðar að það komi byggðarlaginu á Bakkafirði best ef bátar og skip innan sveitarfélagsins Langanesbyggðar, þ.e. bátar og skip með heimahöfn á bæði Bakkafirði og Þórshöfn, fái að sækja um byggðakvótann á Bakkafirði. Þá óskar sveitarstjórn eftir því varðandi byggðakvóta Bakkafjarðar að ekki verði fallið frá skilyrði um tvöföldun magn þess aflamarks sem fiskiskip fá úthlutað samkvæmt 6. gr. reglugerðarinnar, líkt og veitt var fyrir fiskveiðarárið 2010/2011, enda muni umrætt skilyrði stuðla því að byggðakvótinn verði unninn á Bakkafirði og stuðla þannig að aukinni atvinnusköpun í byggðarlaginu.

Það er ennfremur álit sveitarstjórnar Langanesbyggðar að viðmiðunartímabil fyrir úthlutun á byggðakvóta verði að taka mið af reynslu síðasta fiskveiðiárs og yfirstandandi fiskveiðiárs. Bátar innan Langanesbyggðar hafa nýverið gert löndunarsamninga við fiskvinnslur á Bakkafirði sem kveða á um að landa eigin kvóta til vinnslu á Bakkafirði. Því telur sveitarstjórn sanngjarnt að viðmiðunartímabilið vegna úthlutunar á byggðakvóta Bakkafjarðar verði frá og með 1. janúar 2011 til og með 31. desember 2011. Miðað skal við afla sem borist hefur til vinnslu á Bakkafirði, hvort sem aflanum er landað í Bakkafjarðarhöfn eða keyrður til vinnslu á Bakkafirði.

Það er álit sveitarstjórnar Langanesbyggðar að verði ofangreindar tillögur staðfestar af sjávarútvegsráðuneytinu muni byggðakvóti sá sem úthlutað hefur verið til Bakkafjarðar stuðla að aukinni atvinnu- og verðmætasköpun á Bakkafirði.

Ofangeint tilkynnist hér með.

Með vinsemd og virðingu.

  
Gunnólfur Lárússon, sveitarstjóri

Sveitarstjóri  
Langanesbyggðar

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið  
B.t. Hinriks Greipssonar  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík

|                                           |               |
|-------------------------------------------|---------------|
| SJÁVARÚTVEGS- OG<br>LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ |               |
| Skj. n.                                   | 10. 7. 2      |
| Íomk.                                     | 31. JAN. 2012 |
| Ábm.                                      | HG            |
| SLR                                       | 11100063      |

Þórshöfn 27. janúar 2012.

**Varðar: Tillögur sveitarstjórnar Langanesbyggðar um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta Þórshafnar fiskveiðarár 2011/2012**

Á fundi sveitarstjórnar Langanesbyggðar þann 26. janúar 2012 var eftirfarandi fært til bókar:

„Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir eftirfarandi viðauka/breytingar á reglugerð nr. 1182/2011, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskiveiðarárinu 2011/2012, er varða úthlutun aflamarks á Þórshöfn:

- a. Ákvæði 4. gr. breytist úr „... og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags á tímabilinu 1. september 2010 til 31. ágúst 2011.“ og verður svohljóðandi: „...skal skipt því aflamarki sem fallið hefur til Þórshafnar, með eftirfarandi hætti:
- 50% verði skipt jafnt á milli fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. mgr.
  - 50% verði skipt hlutfallslega á milli fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. mgr., miðað við landaðan afla á Þórshöfn á tímabilinu 1. september 2010 til 31. ágúst 2011, í þorskígildum talið.
- b. Í 6. gr., 1. mgr. (lína 1) breytist orðalagið úr „innan hluteigandi byggðarlags“ í „innan hlutaðeigandi sveitarfélags.“

**Rökstuðningur:**


Þar sem Þórshöfn fær nú úthlutað byggðakvóta í fyrsta skipti í mörg ár er það mat sveitarstjórnar að með því að úthluta 50% byggðakvótans jafnt á alla báta í byggðarlaginu, sé sanngirnissjónarmiða gætt og allir þeir aðilar sem hafa eða eiga báta, þrátt fyrir að ráða ekki yfir aflaheimildum né aflareynslu, eigi kost á að fá úthlutað byggðakvóta og þar með hlutdeild í þeim gæðum sem í honum felast.

Jafnvel þó að á Þórshöfn sé fyrir hendi fiskvinnsla, hefur hún til þessa unnið bolfisk-nánast eingöngu af eigin skipum, auk þess sem bolfiskvinnslan getur verið árstíðarbundin. Þer helst að nefna að vinnsla uppsjávarfisks getur skarast á við vinnslu bolfisks og þá helst á þeim árstíma sem smábátar stunda veiðar út frá Þórshöfn. Því telur sveitarstjórn nauðsynleg t að breyta 6. gr. á þann hátt að hægt verði að vinna aflann í öðrum fiskvinnslum innan sveitarfélagsins.

Það er álit sveitarstjórnar Langanesbyggðar að verði ofangreindar tillögur staðfestar af sjávarútvegsráðuneytinu muni byggðakvóti sá sem úthlutað hefur verið til Þórshafnar stuðla að aukinni atvinnu- og verðmætasköpun á Þórshafnar.

Ofangeint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

  
Gunnólfur Lárusson, sveitarstjóri

Sveitarstjóri  
Langanesbyggðar